

# Verklagsreglur um fjármál Pírata

## 1. Almennt

- a. Bókhaldsár Pírata er almanaksárið, þrátt fyrir að starfsár fulltrúa í stjórnunum miðist við aðalfundi og kosningar þess á milli.
- b. Píratar lúta lögum nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.
- c. Verkaskipting í fjármálum Pírata skal vera skýr:
  - i. Fjármálaráð hefur umsjón með eftirliti með fjármálum félagsins, ber ábyrgð á fjármálaáætlunum, opnu bókhaldi og verklagsreglum um fjármál Pírata.
  - ii. Framkvæmdastjórn og gjaldkeri innan stjórnarinnar hafa eftirlit með rekstri og útgjöldum. Gjaldkeri sinnir að auki tvöfaldri undirritun reikninga þegar við á.
  - iii. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegu bókhaldi, reikningshaldi og reikningssskilum.
  - iv. Gjaldkerar stjórna kjördæmisfélaga og aðildarfélaga þurfa að fylgja leiðbeiningum um bókhald og reikningshald skv. 8. kafla verklagsreglna þessara til að geta þegið fjármagn frá móðurfélaginu.
- d. Innkoma Pírata er eftirfarandi:
  - i. Lögbundin innkoma frá opinberum aðilum
  - ii. Valfrjáls framlög sem má innheimta af skráðum Pírötum. Ákveða má föst félagsgjöld á aðalfundi
  - iii. Sala varnings eða þjónustu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar
  - iv. Önnur fjármögnun sem ákveðin er á félagsfundi og samþykkt með vefkosningu.

## 2. Gerð fjármálaáætlunar

- a. Fjármálaráð útbýr fjármálaáætlun fyrir næsta ár fyrir lok desember hvers árs. Markmið fjármálaáætlunar er þrjúþætt:
  - i. Að deila fjármagni skynsamlega í sem flesta kostnaðarliði og verkefni Pírata,
  - ii. Að stuðla að eftirliti, gagnsæi og rekjanleika í ákvörðunum sem teknar eru af starfsfólki, starfseiningum og aðildarfélögum.
  - iii. Eftir fremsta megni að koma í veg fyrir stór ófyrirséð og óvænt útgjöld.
- b. Fjármálaáætlun byggir á aðgerðaáætlunum og kostnaðargreiningum frá framkvæmdastjórn, stefnu- og málefnanefnd, skráðum aðildarfélögum og fyrirsjáanlegri innkomu.
- c. Fjármálaráð kynnir fjármálaáætlun næsta árs samráðsfundi Pírata í byrjun janúar hvers árs og birtir á vef Pírata sem hluta af opnu bókhaldi.
- d. Fjármálaráð endurskoðar fjármálaáætlun ársfjórðungslega eða eftir þörfum.
- e. Fé sem situr eftir í sjóðum eftir bókhaldsárið skal renna í sjóð næsta árs til nýrrar ráðstöfunar og úthlutunar í samræmi við fjármálaáætlun fjármálaráðs.

## 3. Mánaðarlegt bókhald og ársreikningar

- a. Framkvæmdastjóri skal safna reikningum fyrir hvern mánuð ársins.
- b. Ársreikningur skal samþykktur á aðalfundi Pírata, undirritaður af endurskoðendum.
- c. Samþykktan ársreikning fyrri árs skal birta á vef Pírata, strax eftir aðalfund.

#### 4. Opið bókhald

- a. Bókhald á að birta fyrir hvern ársfjórðung þegar bráðabirgðagögn eru tilbúin skv. lið 5.f. í verklagsreglum þessum.
- b. Birta skal opið bókhald Pírata fyrir fyrra ár á vef félagsins í síðasta lagi 2 mánuðum fyrir aðalfund.
- c. Ársreikningar fyrra árs og samstæðureikningar skulu einnig vera aðgengilegir á vef félagsins sem hluti af opnu bókhaldi.
- d. Verði breytingar á ársreikningi fyrra árs vegna málsmeðferðar RSK, skal einnig birta samþykktan ársreikning með nýjustu breytingum.

#### 5. Reikningar og reikningsskil

- a. Öll útgjöld á að greiða með millifærslu, ekki í reiðufé og tryggja þarf að reikningur og skýring séu aðgengileg fyrir hverja færslu.
- b. Framkvæmdastjóri safnar öllum kvittunum og öðrum bókhaldsgögnum um inngreiðslur og útgjöld félagsins.
- c. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að stofna til útgjalda sem eru undir 200 þúsund kr.
- d. Félagsmenn sem stofna til smærri útgjalda geta óskað eftir að fá endurgreitt. Skriflegur reikningur og skýring eða útprentað færsluyfirlit með skýringum er forsenda endurgreiðslu. Framkvæmdastjóri metur hvort endurgreiðsla fari fram, sér um greiðsluna og varðveitir reikninga.
- e. Tvöföld undirritun á að vera á reikningum Pírata yfir 200 þúsund kr. (regluleg útgjöld sjá lið 5g), annars vegar undirritun frá framkvæmdastjóra Pírata og hins vegar samþykki og upphafsstafir gjaldkera framkvæmdastjórnar. Skýring þarf að fylgja með reikningi í bókhaldi.
- f. Framkvæmdastjóri sér til þess að reikningum og bókhaldi sé skilað til bókara mánaðarlega (bráðabirgðagögn) og sér einnig um að skila niðurstöðu/uppgjöri bókara til gjaldkera framkvæmdastjórnar og til fjármálaráðs innan við mánaðar frá dagsetningu reiknings, reikningum sem vantar skal skila við fyrsta tækifæri.
- g. Regluleg útgjöld sem eru samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar og þurfa ekki tvöfalda undirritun, enda kemur samþykktin skýrt fram í fundargerð sem vísa má til í bókhaldi.
- h. Framkvæmdastjóri og framkvæmdastjórn skulu leitast við að fylgja fjármálaáætlun og verklagsreglum fjármálaráðs eins vel og kostur er. Verði frávik frá fjármálaáætlun þarf framkvæmdastjórn að tilkynna fjármálaráði um slíkt hið fyrsta. Veruleg frávik skulu háð samþykki félagsfundar.

#### 6. Lán

- a. Ekki er gert ráð fyrir lántöku í árlegri fjármálaáætlun og forðast á að taka lán fyrir hönd Pírata nema þegar nauðsyn krefur.
- b. Félaginu er eingöngu heimilt að taka lán fyrir rekstri og öðrum útgjöldum félagsins ef áætlaðar tekjur eru fyrirsjáanlegar og öruggar. Engin lán sem binda félagið mega fara fram án samþykkis fjármálaráðs. Þegar við á skal ákvörðun um lántöku borin undir félagsfund og vefkosningu.
- c. Lántaka skal vera gagnsæ og rekjanleg og lán skal greiða til baka strax og auðið er.

## 7. Fjárveitingar til kjördæmisfélaga

- a. Fjármálaráð ákveður að undangengnum félagsfundi og vefkosningu hversu miklu fjármagni er dreift til kjördæmisfélaga ár hvert.
- b. Fjármunum til kjördæmafélaga er úthlutað í marsbyrjun ár hvert. Skipting fjárins milli kjördæmisfélaga skal ákvarðað í samræmi við reiknireglu:
  - i. Fjöldi skráðra meðlima Pírata með lögheimili í kjördæmi: 25%
  - ii. Hlutfall af heildaratkvæðum til Pírata í síðustu kosningum til Alþingis: 25%
  - iii. Fjöldi skráðra íbúa 1. janúar ár hvert í hverju kjördæmi: 25%
  - iv. Stærð hvers kjördæmis í ferkílómetrum: 25%
- c. Einungis er úthlutað fjármunum til kjördæmafélaga sem:
  - i. eru með starfandi stjórn og hafa haldið aðalfund (eða stofnfund) á árinu eða fyrra ári,
  - ii. hafa skilað fundargerð aðalfundar, ársskýrslu og bókhaldsgögnum til framkvæmdastjóra í samræmi við lög Pírata,
  - iii. hafa gert fjárhags- og starfsáætlun fyrir komandi ár sem samþykkt er af stjórn kjördæmisfélagsins.

Kjördæmafélög ættu að skila áætlunum sínum ásamt umsókn um fjármagn til framkvæmdastjóra Pírata í síðasta lagi 1. febrúar ár hvert.

- d. Kjördæmisfélög eru sjálfráð um notkun þess fjármagns sem til þeirra er veitt og geta deilt fé til aðildarfélaga innan kjördæmis eða í sameiginleg verkefni milli kjördæma. Ætíð þarf þó að tryggja að bókhald sé haldið.
- e. Verði ófyrirsjáanlegar og meiriháttar breytingar á fjárhagi Pírata eða einhvers kjördæmafélaganna, getur fjármálaráð með samþykki félagsfundar, endurákvæðað árlega úthlutun fjármuna til kjördæmafélaga.
- f. Fjármálaráð getur áætlað fjármagn til annarra aðildarfélaga þegar við á.

## 8. Leiðbeiningar fyrir gjaldkera aðildarfélaga/kjördæmisfélaga

- a. Í upphafi starfsárs skiptir stjórn með sér verkum og skipar þá gjaldkera úr sínum hópi.
- b. Eitt fyrsta verk gjaldkera og stjórnar, í byrjun hvers starfsárs, ætti að vera gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir starfsárið.
- c. Nýr gjaldkeri skal í byrjun starfsárs fá heimildir (prókúru) hjá viðkomandi banka fyrir fullum aðgangi að bankareikningi, þannig að hægt sé bæði að skoða og greiða reikninga.
- d. Gott utanumhald, söfnun, geymsla og skil á reikningum ætti að vera regla hjá aðildarfélögum, t.d. að setja alla bókhaldspappíra í sér bókhaldsmöppu.
- e. Í byrjun hvers ár, fyrir 1. mars þarf gjaldkeri afhenda bókhaldsgögn fyrra árs til bókara.
- f. Við lok starfsárs (strax eftir aðalfund) skilar gjaldkeri af sér öllum bókhaldsgögnum og aðgangsheimildum til nýrrar stjórnar.
- g. Gjaldkeri ætti ekki endurgreiða án þess að hafa reikninga undir höndum.
- h. Gjaldkeri ætti skrifa skýringar inn á reikninga, um hvað er að ræða eða festa færslublað með skýringum við reikninga sem skýra um hvað er að ræða.
- i. Gjaldkeri ætt eingöngu greiða reikninga í samræmi við fjárhagsáætlun og samþykktir stjórnar. Ef vafi er á heimild, þá bera reikninga undir stjórn. Leita að jafnaði eftir áritun á reikninga, þ.e. fá reikninga með áritun um greiðslubeiðni.
- j. Greiða ávallt með millifærslu, ekki í reiðufé. Góð regla er að prenta út millifærsluna og setja í bókhaldsmöppuna.

- k. Góð regla er að leggja fyrir stjórn fjárhagsstöðu í samanburði við fjárhagsáætlun á þriggja mánaða fresti.
- l. Geyma skal fjárhagsáætlun, ársreikning og önnur gögn sem máli skipta á öruggu formi.
- m. Framkvæmdastjóri Pírata getur boðið gjaldkerum kjördæmisfélaga upp á sértækar leiðbeiningar um notkun bókhaldslykla, bókhaldsskil beint til bókara og aðra bókhaldsþjónustu.